

## Fundargerð

### 44. stjórnarfundur FHA haldinn 7. mars, 2013 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Óskarsson (GKÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Guðmundur Engilbersson (GE) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

#### Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð var samþykkt með fyrirvara um orðalagsbreytingar og lagfæringar á stafsetningarvillum.

2. Kjaramál

Fjallað um stöðu mála og farið yfir síðasta fund félagsins sem haldinn var með Jörundi. Hí er að fara af stað í stofnannasamningagerð. Við þurfum að skoða þá samninga hjá okkur. Launahækkun mun koma til útborgunar 1. apríl, sem er hækkun um 3,25%. Enn er ekki farið að greiða fyrir fundi og ekki ljóst hvað veldur töf á þeim greiðslum. Óska þarf eftir fundi til að skoða það mál. Þá þarf einnig að setja á fund hjá okkar félagsmönnum og skoða hvaða úrræði eru í boði.

3. Aðalfundur:

Boða þarf aðalfund í vor. Skoða þarf löginn fyrir næsta fund.

4. Önnur mál:

Umræða um starfsánægju og starfsmannafélag.

Umsóknir í námssjóð: 4 umsóknir hafa borist í námssjóð. Umsóknir samþykktar með þeim fyrirvörum að þær uppfylli skilyrði. GKÓ sér um og gengur frá.

Ráðstefna næsta haust í Danmörku, skoða hverjir hafa áhuga og getu til að fara.

Launakönnun BHM – verður lögð fyrir í byrjun næstu viku.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:00

Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.